

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Egilsstaðir, 11.7.2023
UST202302-134/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. júní 2023 – Benchmark Genetics, Kollafirði

Þann 12. júní sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland í Kollafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnu-
rekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitskýrsla.

Eitt eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Losun á fosfór árið 2021 var umfram heimild í starfsleyfi.

Rekstraraðili vann eftir samþykktu úrbótaáætlun varðandi eldra frávík og var reiknað með að því yrði lokið þann 30. júní sl.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðili skal tryggja að réttar upplýsingar komi fram í ársyfirliti og að niðurstöður mælinga og útreikninga séu settar fram í þeim einingum sem tilgreint er í starfsleyfi.

Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs í viðtaka árið 2022 var yfir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Framleiðsla árið 2022 var yfir leyfilegu hámarki skv. starfsleyfi.
3. Gr. 3.8 í starfsleyfi. Talsvert af villtum fugli sækir í útrás stöðvarinnar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. ágúst 2023.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur